

## 803. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 14. ágúst, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Björn G. Sæbjörnsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Jónína Magnúsdóttir, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sverrir Auðunsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn, þá sérstaklega Jónínu sem kemur inn sem nýr stjórnarmaður.

### Dagskrá:

1. *Tölvupóstur frá Suðurnesjabæ, dags. 12.07.2024. Erindi fulltrúar Suðurnesjabæjar á vettvangi S.S.S.*  
Þann 11. júlí tók við ný bæjarstjórn í Suðurnesjabæ. Á þeim fundi voru eftirfarandi tilnefnd í stjórn S.S.S.  
Aðalmaður: Jónína Magnúsdóttir  
Varamaður: Sigursveinn Bjarni Jónsson
2. *Innleiðing svæðisbundinna farsældarráða. (fundur 802)*
  - a. *Bókun bæjarráðs Reykjanesbæjar dags. 13.07.2024.*  
Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar sem haldinn var þann 6. júní s.l. var eftirfarandi fært til bókar:

*„Bæjarráð samþykkir að fara í verkefnið í gegnum Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og leggur áherslu á að náið samstarf verði við innleiðingarteymi farsældar í sveitarfélaginu og að verkefnið verði að fullu fjármagnað af ríkinu“.*

Afgreiðsla bæjarráðs Reykjanesbæjar var svo staðfest á fundi bæjarstjórnar þann 11. júní. Þar með hafa öll sveitarfélögin á Suðurnesjum staðfest þátttöku sína í verkefinu.

- b. *Minnisblað frá fulltrúum sveitarfélaganna á Suðurnesjum í félagsþjónustu varðandi verkefnastjóra innleiðingar farsældarráðs Suðurnesja.*

Stjórn S.S.S. þakkar starfsmönnum sveitarfélaganna fyrir vel unnið minnisblað og mun leggja það fram við samningsgerð við ríkisvaldið. Í ljósi umfangs starfsins er áhersla lögð á að starfshlutfallið verði 100%.

3. *Minnisblað frá Reykjaneshöfn og Markaðsstofu Reykjaness – skemmtiferðaskip hjá Reykjaneshöfn.*

Lagt fram til kynningar.

4. *Erindi frá Önnu Guðrúnu Tómasdóttur varðandi þungatakmarkanir á Garðvegi.*

Erindið er tilkomið vegna þungatakmarkanna á veginum út á Hvalsnes. Vegna þungatakmarkanna á veginum að Ósabotnum var ekki hægt að taka á móti hópferðabifreiðum vegna þungatakmarkanna. Að sögn Vegagerðarinnar er það til komið vegna ástands vegaxla og kanta. Úr því hefur nú verið bætt eftir ábendingar frá hagaðilum.

Stjórn S.S.S. fagnar því að Vegagerðin hafi bætt úr þessu en ítrekar mikilvægi þess að vegum á Reykjanesskaganum sé viðhaldið þannig að ekki séu á þeim þungatakmarkanir. Atvinnugreinar á svæðinu reiða sig á góðar samgöngur, bæði ferðaþjónusta og sjávarútvegur. Síðast en ekki síst mikilvægt í ljósi náttúrhamfara á svæðinu, að ástand vega verði eins og best er á kosið.

5. *Bókun frá fráfarandi stjórn Reykjanessfólkvangs dags. 23.07.2024 til stjórnar S.S.S. og Markaðsstofu Reykjaness.*

Lagt fram til kynningar.

6. *Minnisblað frá Markaðsstofu Reykjaness varðandi áningarstað við Grindavíkurveg.*

Lagt fram til kynningar.

7. *Bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, dags. 06.06.2024 varðandi skipunar stýrihóps á vegum Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins og Matvælaráðuneytisins til að undirbúa áformaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits.*

Lagt fram til kynningar.



8. *Aðalfundur S.S.S. 2024.*

Aðalfundur S.S.S. verður haldinn laugardaginn 28. september í Fjölbautaskóla Suðurnesja. Stjórnin ræddi dagskrá fundarins og felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu fram að næsta fundi stjórnar.

9. *Önnur mál.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:15.

*Björn G. Sæbjörnsson*

*Jónína Magnúsdóttir*

*Guðný Birna Guðmundsdóttir*

*Sverrir Auðunsson*

*Berglind Kristinsdóttir*